

7. stjórnarfundur EBAK 20. janúar 2021

Mættir: Hallgrímur Gíslason formaður, Torfhildur Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Eva B. Magnúsdóttir, Sigurður Harðarson, Helgi Aðalsteinsson og Birgir Svavarsson.
Fjarverandi: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður, Garðar Lárusson ritari og Friðrik Vagn Guðjónsson.

1. Fundarsetning kl: 12:35

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.

3. Viðvera í Bugðusíðu. Torfhildur hefur verið að taka símann en lítið um að vera og mun verða óbreytt áfram.

4. Næsti stjórnarfundur. Tillaga um 17. febrúar kl 13:00, samþykkt.

5. Frá síðasta stjórnarfundu.

a) Rafrænt mælaborð. Fyrirtækið Ráðrík, Svanfríður Jónasdóttir og Guðný Sverrisdóttir, annast upplýsingasöfnun vegna verkefnisins, sem er á vegum Akureyrarbæjar. Framkvæmdaráð EBAK ræddi við þær 12. jan. og kom í ljós að lítið er vitað um líðan og velferð eldri borgara.

b) Fundur með formönnum nefnda. Hann var 14. jan. Þar voru atriði sem þurfti að ræða í samb. við ársskýrslur og peningamál. Úlfhildur útbjó form fyrir nefndir sem munu svo gefa upplýsingar á aðalfundi um stöðu mála. Hallgrímur mun ræða við Þórð bókara hvort hann þurfi frekari gögn í samb. við sjóð nefnda.

c) Fundur með forstöðumanni tómstundamála 20. jan. Hallgrímur og Torfhildur ræddu við Bjarka og mun starfsfólk verða samnýtt bæði í Bugðusíðu og Víðilundi. Einnig munu verða einhverjar breytingar í sambandi við Punktinn og er áætlað að færa hluta af starfsemi hans í Víðilund. Bjarki styður fastar ferðir á milli félagsmiðstöðvanna.

6. Bréf vegna aðgerðaráætlunar.

Margar eru hugmyndirnar en ekkert gerist. Ákveðið var að senda skjal til Bæjarráðs vegna aðgerðaráætlunar um málefni eldri borgara.

7. Undirbúningur aðalfundar.

a) Fundur með uppstillingarnefnd áætlað 25. jan en breytt til 27. jan kl 13:30 og stjórn og varastjórn beðin um að mæta.

b) Breytingar á samþykktum. Það þarf að breyta nokkrum atriðum og mun stjórnin koma með tillögur.

8. Afsláttarbók. Sigurður ætlar að senda okkur nöfn þeirra fyrirtækja sem við í stjórn munum skipta á milli okkar til að fá sem flest fyrirtæki í bænum í bókina.

9. Afmælisnefnd. Samhljóða viljum við biðja Úlfhildi Rögnvaldsdóttur um að hafa yfirumsjón í þeirri nefnd.

10. Önnur mál voru engin.

Fundarslit kl. 14.40.

Eva B. Magnúsdóttir ritaði fundargerð.